


ÁRSSKÝRSLA 2010




Ársskýrsla 2010



Myndir

Páll Marvin Jónsson
Margrét Lilja Magnúsdóttir
Georg Skæringsson
Óskar Pétur Friðriksson
Filipa Samara





EFNISTÖK ÁRSSKÝRSLU

Hugleiðingar framkvæmdastjóra

Stjórn Þekkingarseturs Vestmannaeyja

Stofnaðilar þSV

Stofnanir innan þSV

Starfsfólk þSV

Hugheimar -samstarfsvettvangur

Sæheimar, fiskasafn

Humarveiðar og humar hótel, myndasería

Háhyrningaránnísóknir

Stofnanir innan þSV

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands

Surtseyjarstofa

Hafrannsóknastofnunin

Rannsóknabónustan, Vestmannaeyjum

Náttúrustofa Suðurlands




Matís ohf.

Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Vinnumálastofnun



HUGLEIÐINGAR FRAMKVÆMDASTJÓRA

Nokkrar breytingar urðu á starfsemi þekkingaseturs Vestmannaeyja á árinu 2010. Markmið breytinganna var fyrst og fremst að styrkja grunnrekstur og efla faglegt starf í samstarfi stofnanna og fyrirtækja. Þekkingarsetrið og Vestmannaeyjabær gerðu með sér samstarfssamning um rekstur Fiska- og náttúrugripasafns Vestmannaeyja og tók samningurinn gildi 1. janúar 2010. Rekstur safnsins gekk vel og í lok ársins var samþykkt að framlengja samningnum til loka ársins 2011. Jafnframt var samþykkt að skoða möguleikann á að semja einnig um rekstur Byggðasafns Vestmannaeyja í þeim tilgangi að efla og styrkja safnasvið þSV enn frekar og þannig skapa enn sterkari rekstrareiningu en áður.

Samningur við Vestmannaeyjabæ um rekstur Fiska- og náttúrugripasafns Vestmannaeyja

Vestmannaeyja lækkaði úr 15 milljónum fyrir árið 2010 í 13,9 milljónir fyrir árið 2011. Ekkert framlag var til reksturs sjávarrannsóknamiðstöðvar á árinu 2010 en fyrir árið 2011 fengust 9 milljónir til rekstursins.

Líkt og með aðrar sjávarbyggðir landsins þar sem markviss uppbygging á þekkingarsafmélagi hefur átt sér stað hefur atvinnulíf Vestmannaeyja fengið á sig breytta mynd. Þekkingarsetur Vestmannaeyja gegnir í dag mikilvægu hlutverki í þróun samfélagsins og uppbyggingu atvinnulífs í Eyjum. Með sífellt aukinni tæknivæðingu í sjávarútvegi hefur störfum í fiskvinnslu og á sjó faekkað jafnt og þétt en störfum fjölgæð í afleiddum greinum sem gera aðrar og oft auknar kröfur til menntunar. Þekkingarsetur Vestmannaeyja leikur hér lykilhlutverk og á árinu 2010 störfuðu alls 29 starfsmenn við þekkingarsetur Vestmannaeyja og þar af sautján fastráðir háskólamenntaðir starfsmenn.



Áframhaldandi uppbygging á aðstöðu þekkingarseturs Vestmannaeyja er nauðsynleg fyrir framgang starfsins. Áætlanir um að flytja aðstöðuna í stærra og betra húsnaði hafa ekki gengið eins hratt og til stóð en unnið er að málínu í samstarfi við Vestmannaeyjabæ. Mikilvægt er að niðurstaða í málínu verði komin fyrir lok sumars svo hægt verði að hefja framkvæmdir í haust. Eitt af markmiðum þSV er einmitt að skapa þekkingarsamfélögum fyrsta flokks aðstöðu m.a. til að laða til Eyja verkefni og mannauð sem síðan stuðla að sterkari og fjölbreyttari og atvinnulífi.

Verkefni framtíðarinnar eru fjölmög og spennandi, með auknu samstarfi við Vestmannaeyjabæ um rekstur safnanna hefur skapast tækifaði til að stórefla fræðastarf þekkingarsetursins með því að samtvina safnastarfið við rannsóknir og fræðslu. Þetta samstarf er enn í mótu og er ljóst að enn frekari ávinnungur á eftir að nást, bæði hvað varðar rekstur og safnanna en

ekki síður í formi fjölda nýrra fræða- og rannsóknarverkefna.

Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja fékk nýtt nafn og nýtt vörumerki og heitir í dag Sæheimar, aquarium. Margrét Lilja Magnúsdóttir var ráðin safnstjóri en hún var áður verkefnaráðin hjá þekkingarsetrinu.


Safnið fékk tölverða andlitslytingu á árinu 2010 og voru starfsmenn Sæheima duglegir að minna á safnið. Fjöldiðlar fylgdust vel með því sem gerðist í safninu og komu bæði kolkrabbann Vídalín og útselskópurinn Golli í öllum fjöldiðum Eyjanna og oftar enn einu sinni. Aðsókn á safnið tvöfaldaðist strax á fyrstu fjóru mánuðum ársins 2010 miðað við árið áður og ljóst var að við áttum eftir að slá aðsóknarmet á safnið, og þá sérstaklega í ljósi þess að síðar á árinu hófust siglingar í Landeyjahöfn með tilheyrandi aukningu ferðamanna til Eyja.



Samningur
Menntamálaráðuneytisins og þSV
rann út á árinu en var hann til
þriggja ára. Ný samningur var
gerður fyrir árið 2011. Vegna
almenns niðurskurðar
í ríkisfjármálu lækkuðu allir
samningar ráðuneytisins við
þekkingarsetur á landsbyggðinni.
Framlag ríkisins til þekkingarseturs

Samstarfið við Vestmannaeyjabæ um rekstur safnanna er spennandi þróun í starfi þekkingarsetursins. Ný tilkominn samningur um rekstur Sagnheima, byggðasafns styrkir þetta samstarf enn frekar og opnar nýja möguleika fyrir þekkingarsamfélagið í Eyjum. Ljóst er að áframhaldandi samstarf við Vestmannaeyjabæ á safnasviði á þessum nótum ættu að koma báðum aðilum til góða.

Páll Marvin Jónsson
framkvæmdastjóri



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands

NÝSKÖPUNARMIÐSTÖÐ ÍSLANDS Vestmannaeyjum

Starfsmaður: Frosti Gíslason



Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að hvetja til nýsköpunar og efla framgang nýrra hugmynda í íslensku atvinnulífi. Nýsköpun er forsenda fyrir fjölbreytni íslensks atvinnulífs og undirstaða sterkrar samkeppnisstöðu þess. Nýsköpunarmiðstöð Íslands heyrir undir lögaðarráðuneytið og starfar eftir lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnupróun (nr. 75/2007). Forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar er professor Þorsteinn Ingi Sigfússon.

Starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í Vestmannaeyjum var fjoðbreytt á árinu 2010. Boðið var upp á fjölmög almenn námskeið í Fab Lab smiðjunni ásamt því að mörg sértæk námskeið voru einnig kennad. Haldinn var m.a. Fab Boot Camp í samstarfi við Fab Lab smiðjur út um allan heim.

NMI ásamt Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands og Fréttum stóðu fyrir fundarröð um tækifæri atvinnulífsins í Eyjum. Unnið var að uppsætingu Fab Academy og fjölmargir sérfræðingar héldu erindi í NMI í Eyjum, m.a. Trond-Aksel Olsen verkfræðingur hjá Andøya Rocket Range (ARR) stofnuninni í Noregi sem hélt erindi um eldlaugastöðina Andøya Rocket Range sem ber ábyrgð á öllum eldflaugu- og visindaloftbelgjum í Noregi.



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands leigir aðstöðu undir starfsemina í Vestmannaeyjum í þekkingarsetri Vestmannaeyja. Einn fastráðinn starfsmaður: Áslaug Rut Áslaugsdóttir.



Vinnumálastofnun leigir aðstöðu undir starfsemina í Vestmannaeyjum í þekkingarsetri Vestmannaeyja. Einn fastráðinn starfsmaður: Vilborg Þorsteinsdóttir.





VISKA

FRÆÐSLU- OG SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐ

Starfsmenn: Valgerður Guðjónsdóttir, forstöðumaður
Sólrun Bergþórsdóttir náms- og starfsráðgjafi/verkefnastjóri
Dóra Guðrún Þórarinsdóttir, verkefnaráðin.

Kennarar á námsleiðum og leiðbeinendur á námskeiðum voru verkataráðir. Ester Garðarsdóttir og Margrétt Hjálmarsdóttir, þjónustufulltrúar þSV og Visku. Jóhanna Lilja Eiríksdóttir, afleysingar.

Um allan heim er unnið að því að finna lausnir til að lágmarka skaðleg áhrif efnahagsástandsins. Kreppan snertir Ísland enn harðar en margar aðrar þjóðir. Starfsemi Visku hefur þó gengið með ágætum yfirstandardi starfsára og sifellt með eðlilegum breyttingum. Virk þáttakar á námskeið er upp og ofan, mest háð atvinnuástandi þá stundina. Undanfarin ár höfum við talað um að námskeiðum sem slíkum hafi fækkað og heildstætt nám aukist. Slík þróun heldur áfram en þó má segja að stöðugleiki sé að verða í námskeiðahaldi.

Árið 2010 var einstaklega viðburðaríkt í sögu Visku. Þar skipar stærstan sess fjölgun viðtala í náms- og starfsráðgjöf, þróun í raunfärnimati og fjölgun námsleiða. Rennsli í gegnum miðstöðina kallar á enn stærra húsnaði. Það verður því verkefni framtíðarinnar að skoða hvaða möguleikar eru í boði, bæði sjálfstætt og í samstarfi við Pekkingarnetið. Með tilkomu Landeyjarhafnar sjáum við einnig fram á aukið samstarf upp á fastalandið bæði getum við veitt þeim þjónustu sem og þegið aukna þjónustu þaðan. Verkefni haustsins verða fyrst og fermost áhersla á nám og þjónustu fyrir lesblinda sem og að hleypa af stað verkefni sem við veljum að kalla



Útskrift á smábátanáminu vorið 2010



Eflum byggð. Markmið verkefnisins Eflum byggð er að auka starfshæfni íbúanna með því að skapa jákvætt andrúmsloft í samfélaginu gagnvart breyttingum og þróun í atvinnulífinu, að skapa jákvætt andrúmsloft gagnvart fræðslu í samfélaginu og að auka námsgæði og aðgang að áframhaldandi menntun í samfélaginu.

Sparisjóður Vestmannaeyja veitti í desember sl. Visku styrk til kaupa af greiningartæknu Logos, sem er til þess ætlað að greina lesblindu og hjálpa til við úrvinnslu. Kunnum við Sparisjóðnum bestu þakkir fyrir. Munum við frá og með haustinu bjóða upp á lesbindugreiningar hjá Visku og munum leita leiða til að bjóða upp á þær einstaklingum að kostnaðarlausu.


Einnig höfum við fengið styrk til að fara af stað með annan hóp í raunfärnimati í Verslunarfagnámi sem og til að þroa raunfärnimat fyrir stýrimenn og skipstjórnarmenn. Verður það verkefni unnið í samvinnu við Framhaldsskólan í Vestmannaeyjum ásamt Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Þar að auki höfum við fengið styrk frá Vaxtasamningi Suðurlands til að vinna göngukortið okkar í rafrænana búning. Er það samstarf-verkefni Visku, Sighvatar Jónssonar og Vestmannaeyjabæjar. Þess vegna eru það lokaorð míin að það eru bara spennandi tímar framundan.

Ég vil þakka starfsfólk Visku og stjórn samstarf á liðnu starfsári.

Valgerður Guðjónsdóttir

Forstöðumaður Visku



STJÓRN PEKKINGARSETURS

Stjórn Pekkingarseturs Vestmannaeyja og formaður stjórnar var kosin á ársfundi þann 15. júní 2009. Stjórnin skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi og velur sér framkvæmdastjórn sem fer með daglegan rekstur í samstarfi með framkvæmdastjóra.

Formaður:

- Elliði Vignisson, bæjarstjóri
- Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar
- Sjöfn Sigurgísladóttir, forstjóri Matís ohf.
- Arnar Sigurmundsson, frkvstj., form. stjórnar Visku
- Rögnvaldur Ólafsson, forstmr. Fræðasetra Háskóla Íslands
- Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, frkvstj. Vinnslust. hf.
- Hrafn Sævaldsson, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands

Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri mynda framkvæmdaráð:

- Elliði Vignisson
- Arnar Sigurmundsson
- Páll Marvin Jónsson

STOFNANIR PEKKINGARSETUR VESTMANNAEYJA

Eftirfarandi stofnanir starfa nú innan Pekkingarseturs Vestmannaeyja:

- Atvinnuþróunarfélag Suðurlands
- Hafrannsóknarstofnunin
- Háskóli Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Náttúrustofa Suðurlands
- ¹Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Rannsóknabjónusta Vestmannaeyja
- Matís ohf.
- Vinnumálstofnun
- Viska

²Surtseyjarstofa

¹ og ²Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Surtseyjarstofa hafa aðsetur utan Pekkingarsetursins en taka annars þátt í samstarfi stofnanna innan Pekkingarsetursins. Forstöðumaður NMÍ í Vestmannaeyjum og starfsmaður Surtseyjarstofu sitja t.d. á fundum HUGHEIMA.

STOFNAÐILAR

PEKKINGARSETUR VESTMANNAEYJA

Að baki Pekkingarsetri Vestmannaeyja standa alls 36 fyrirtæki og stofnanir sem eru skráðir stofnaðilar félagsins. Félagið er sjálfskeignarfélag og er ekki rekið í hagnaðarskyni heldur er félaginu ætlað að efla og styrkja fræða- og háskólastarf í Vestmannaeyjum. Stofnfé félagsins er 7,7 milljónir. Hér að neðan eru stofnaðilar listaðir upp í stafrófsröð.

- Bergur ehf.
- Dala-Rafn ehf.
- Drífandi stéttarfélag
- Fjöltækniskóli Íslands
- Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
- Glitnir - banki hf.
- Gæfa ehf.
- Hafrannsóknastofnunin
- Háskólinn á Akureyri
- Háskólinn á Bifröst
- Háskólinn á Hólmum
- Háskólinn í Reykjavík
- Hitaveita Suðurnesja hf.
- Hí stofnun fræðasetra
- Huginn ehf.
- Iðnaðarráðuneytið
- Ísfélag Vestmannaeyja hf.
- Kennaraháskóli Íslands
- Kæja ehf.
- LÍÚ
- Matís ohf.
- Náttúrustofa Suðurlands
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Ós ehf.
- Rannsóknabjónusta Vestmannaeyja ehf.
- Reykjavíkur Akademíán
- Samtök Sveitarfélaga á Suðurlandi SASS
- Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
- Sparisjóður Vestmannaeyja
- Stígandi ehf.
- Tölvun ehf.
- Ufsaberg ehf.
- Vestmannaeyjabær
- Vinnslustöðin hf.
- Vinnumálstofnun
- Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð




STARFSFÓLK ÞEKKINGARSETUR VE.

Alls starfa átta starfsmenn hjá Þekkingarsetri Vestmannaeyja. Af þeim eru fimm fastráðir og þrír eru verkefnaráðir. Sumarið er annasamur tími hjá Þekkingarsetrinu en alls voru fimm sumarstarfsmenn að störfum hjá Þekkingarsetrinu sumarið 2010.

Sumarstarfsmenn 2010:

- Jón Marvin Pálsson
- Guðmundur Jónsson
- Hlynur Georgsson
- Örn Hilmisson
- Viktoria Ayn Pethypiece
- Guðný Hilmsdóttir



Páll Marvin Jónsson
Framkvæmdastjórn



Magrét Hjálmarsdóttir
Þjónustuskrifstofa
Bókhald



Ester Garðarsdóttir Þjónustuskrifstofa
Þjónustufulltrúi



Hr. Georg Skæringsson
Umsjónarmaður- og verkefnastjóri



Magrét Lilja Magnúsdóttir
Sæheimar, safnasvið



Hr. Haraldur Halldórsson
Tæknivinna og aðstoð



Dr. Kári Bjarnason
Verkefnaráðinn



M.sci. Heather Philp
Verkefnaráðin



MATÍS ohf.

Starfsmaður: Ragnheiður Sveinþórssdóttir



Áhersla er lögð á sjávarútvegstengd verkefni hjá Matís í Vestmannaeyjum, enda ein helsta verstöð landsins og öflug fyrirtæki í sjávarútvegi hér, bæði hvað varðar veiðar og vinnslu sjávarafurða. Verkefni starfsstöðvarinnar með fyrirtækjum hafa bæði snúist um vinnslutækni, nýjungar og þróun í veiðum og meðferð afla. Dæmi um þetta eru veiðar og vinnsla makríls og gulldeplu, hvort tveggja fisktegundir sem nýlega hafa fengist í verulegu magni við Íslandsstrendur. Vegna nálægðar við miðin hafa útgerðaraðilar í Vestmannaeyjum verið áhugasamir um að nýta þessar tegundir og liður í því ferli hefur verið þátttaka í verkefnum með starfsstöð Matís. Í sumum tilfellum kemur frumkvæði að verkefninu frá sjávarútvegsfyrirtækjunum en í öðrum tilfellum ýtir Matís þeim úr völdum að eigin frumkvæði. Öll eiga þessi verkefni sammerkt að hafa að markmiði aukna nýtingu sjávarafla og verðmætasköpun.

Á árinu 2010 var unnið ad fimm verkefnum hjá starfsstöð Matís í Vestmanneyjum og öll eru þau á sjávarútvegssviðinu. Í verkefninu Veiðar, flokkun, vinnsla og markaðir fyrir makríl veiddan af uppsjávarsíkipum er unnið ad formmælingum á makríl með að markmiði ad leita leiða til að flokka makríl frá öðrum fiski um borð í vinnslusíkipum. Í verkefninu er greint hvaða tækjakost er nauðsynlegt ad hafa um borð og einnig kannaðir markaðir fyrir makríl veiddan á Íslandsmiðum á mismunandi árstínum. Verkefninu lýkur í upphafi árs 2011 en samstarfsaðilar í því eru Ísfélag Vestmannaeyja og Huginn ehf. Þrjú skip þessara fyrirtækja tóku þatt í sýnatökum og fór starfsmaður Matís í Vestmanneyjum með í veiðitúra. Verkefnið var styrkt af AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi.

Annað verkefni starfsstöðvarinnar á árinu 2010 snéri einnig að markríl en það hefur yfirskriftina Fullvinnsla á makríl sem veiddur er af uppsjávarsíkipum. Markmiðið med því er að þráa verðmætar afurðir til manneldis úr makríl sem veiddur er af uppsjávarsíkipum og bæta hráefnismeðferð þannig að sem hæst hlutfall komi í vinnsluhæfu ástandi til manneldis í landi. Þá var í verkefninu hugað að þróun á vinnsluferlum fyrir niðursuðu á makríl í landi, sem og heitreykingu. Samstarfsaðilar í verkefninu ásamt Matís voru Ísfélag Vestmannaeyja og Akraborg ehf. Verkefnið var styrkt af AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi.

Verkefnið Nýting á slógi með tilliti til umhverfisáhrifa, sem styrkt er af Verkefnasjóði sjávarútvegsins, hófst á árinu 2010 og mun standa fram eftir árinu 2011. Í því er kannað hvort lifríkið í sjónum sé að nýta það slóg sem veiðiskip skila í hafið þegar fiskur er slægður um borð. Jafnframt er kannad hvort




nýta megi slóg á arðbæran hátt og hvort það hafi jákvæð áhrif á náttúruna. Verkefnið er unnið í samstarfi við Berg-Huginn ehf.

Í lok árs lauk verkefninu Móttökustöð lifandi sjávardýra þar sem skoðaðir voru möguleikar á að opna móttökustöð fyrir lifandi sjávardýr í Vestmannaeyjum, auch þess sem gerðar voru tilraunir með flutning lifandi sjávardýra á innanlandsmarkað og settir upp verkfarlar hvað varðar umhirðu og meðhöndlun á lifandi sjávardýrum á veitingahúsum og smásöllumarkaði. Matís var samstarfsaðili Þekkingarseturs Vestmannaeyja ásamt Hafrannsóknastofnun, Rannsóknabjónustu Vestmannaeyja og Veislurninum. Verkefnið naut stuðnings Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja.

Fimmta verkefni ársins 2010 var Tilraunaveiðar og nýting á gulldeplu. Hér er um að ræða nýja fisktegund sem veiðist hefur á miðunum við landið í veiðanlegu magni. Samstarfsaðili Matís í verkefninu er Ísfélag Vestmannaeyja en markmiðið med því er að þróa veiði- og geymslutækni á gulldeplu, sem er svokalladur miðsævisfiskur. Kannaðir verða nýtingarmöguleikar og möguleikar til arðsamrar framleiðslu afurða úr gulldeplu. Verkefnið er styrkt af AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi og heldur áfram á árinu 2011.





NÁTTÚRUSTOFA SUÐURLANDS

Starfsmenn: Ingvar Atli Sigurðsson, forstöðumaður
Erpur Snær Hansen, sviðsstjóri vistfræðirannsókna



Náttúrustofa Suðurlands var stofnuð í nóvember 1996 og starfar hún samkvæmt lögum um Náttúrufraeðistofnun Íslands og náttúrustofur ([lög nr. 60 frá 1992](#)) og reglugerð um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Suðurlands í Vestmannaeyjum ([reglugerð 643/1995](#)).

Helstu verkefni Náttúrustofu Suðurlands þessa stundina:

Berg- og jarðefnafræði Heimaeysar

Petta verkefni er í samstarfi við Dr. Svein P. Jakobsson á Náttúrufraeðistofnun Íslands.

Gabbróhnyðingar í íslenskum gosmyndunum

Í samvinnu við Dr. Andrey Gurenko.

Berghlaupið í Morsárdal

Náttúrustofan hefur ásamt Náttúrustofu Norðurlands vestra fylgst með breytingum sem hafa orðið á berghlaupinu sem féll á Morsárjökul árið 2007.



Rannsóknir á lunda í Vestmannaeyjum

Rannsóknir á lunda voru eitt helsta verkefnið sumarið 2010. Beindust þær að tímasetningu varps, ábúðarhlutfalli (hlutfalli varphola sem orpið er í), varpárangri, fæðu fugla á ungtáma og aldurshlutföllum í veiði, svo helstu liðir séu upptaldir. Lundarannsóknirnar eru samstarfsverkefni víssindamanna á fimm stofnunum: Arnþórs Garðarssonar hjá Háskóla Íslands, Ævars Petersen hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, Kristjáns Egilssonar hjá Fiska- og náttúrugripasafni Vestmannaeyja, Pál M. Jónssonar hjá Þekkingarsetri Vestmannaeyja og einnig taka rannsóknirnar til sandsílis í umsjón Vals Bogasonar og Kristjáns Lilliendahl hjá Hafrannsóknastofnuninni. Erpur S. Hansen er verkefnisstjóri. Meistaraverkefni Hálfáðs H. Helgasonar við Háskóla Íslands sem hófst 2008 felst í úrvinnslu lundamerkingagagna Náttúrufræðistofnunar Íslands, Erpur Snær er einn umjónarmanna verkefnisins.. Samstarf hefur einnig verið við fleiri aðila; er þar helst að telja Jónas P. Jónasson, Freydísi Vigfúsdóttur og Yann Kolbeinsson um söfnun og úrvinnslu á lundaveiðitolum Bjargveiðifélaga. Verkefnið heldur áfram næstu ár.

Sæsvölumerkingar

Náttúrustofa Suðurlands stóð fyrir tveimur merkingarleiðangrum út í Elliðaey, 11-12. júlí og 20-21. ágúst 2010. Meðala þáttakenda voru nokkrir nemendur sem sóttu námskeiðið Vistfræði Vestmannaeyja hjá Visku.

Farhættir skrofa

Dr. Jacob González-Solís frá Universitat de Barcelona hóf rannsóknir á íslenskum skrofum í Ystakletti í lok maí 2006. Rannsóknirnar lúta að farháttum tegundarinnar og eru í samstarfi við Náttúrustofuna og Yann Kolbeinsson sem nú vinur á Náttúrustofu Norðausturlands.

Fiðrildavöktun

Náttúrustofa Suðurlands og Sæheimar voru með ljósagildru til fiðrildaveiða úti í Stórhöfða síðasta sumar. Gildran var tæmd með vikulega á tímabilinu 7. maí til 9. nóvember.

HUGHEIMAR SAMSTARFSVETVANGUR


Þekkingarsetur Vestmannaeyja myndar samstarfsvetvang stofnana og fyrirtækja í rannsóknum, nýsköpun og öðru þekkingarstarfi í Vestmannaeyjum. Haldnir eru fundir með fulltrúum stofnana og fyrirtækja innan þekkingarsetursins þar sem farið er yfir stöðu samstarfsverkefna og ný verkefni eða umssóknir ræddar.

Þrátt fyrir að markmið einstaka stofnanna innan þekkingarseturs Vestmannaeyja geti verið ólík felast ýmsir möguleikar í samstarfi milli stofnananna og er gott samstarf forsenda þess að þekkingarsetrið standi undir nafni sem öflugur klasi í rannsóknum og mentun í Vestmannaeyjum. Til að skerpa á samstarfinu hefur þessi samstarfsvetvangur fengið heitið Hugheimar og er orðinn hluti af stjórnskipulagi þekkingarsetursins. Í lok árs 2009 var unnið að því að útbúa nýtt skipurit fyrir þekkingarsetrið vegna sjávarrannsóknarstöðvar og samninga við Vestmannaeyjabæ um rekstur á Fiska- og náttúrugripasafni Vestmannaeyja. Nýtt skipurit var síðan tekið í notkun og samþykkt í stjórn þekkingarseturs Vestmannaeyja 8. febrúar 2010. Nú hefur Sagnheimum verið bætt inn í rekstur PSV og sýnir myndin hér að neðan Hvaða breytingar skipuritið fær með tilkomu Sagnheima.

Þekkingarsetur Vestmannaeyja hefur ekkert stjórnunarlegt vald yfir þeim stofnunum og fyrirtækjum sem taka þátt í Hugheimum.



SKIPURIT ÞEKKINGARSETUR



SÆHEIMAR FISKASAFN

Starfsmenn:

Margrét Lilja Magnúsdóttir safnstjóri
Georg Skæringsson umsjónarmaður
Aðrir starfsmenn í sumarvinnu við vörlu og
afgreiðslu voru Örn Hilmisson, Hlynur
Georgsson, Guðný Hilmisdóttir og Viktori Ayn
Pethypiece.



Gestir:

Alls komu 13.653 gestir á Fiska og náttúrugripasafn Sæheimar árið 2010. Þar af voru fullorðnir gestir 7.321 talsins en börnin 6.332. Er betta talsverð aukning frá fyrri árum og kemur þar margt til. Má þar nefna:

- Opið hús í tengslum við Prettándagleði í fyrsta sinn og komu alls 439 gestir.
- Glerlistasýning Berglindar Kristjánsdóttur dró að sér 647 gesti yfir sjómannadagshelgina.
- Hið svokallaða pollamót, sem er knattspyrnumót yngri flokka var óvenju fjölmennt í ár og komu yfir 1000 gestir á safnið dagana sem það stóð yfir.
- Þegar Herjólfur hóf siglingar frá Landeyjahöfn í lok júlí, jónkst mjög aðsókn að safnið og má nefna að árið 2009 komu um 1000 gestir á safnið í ágúst en í ár voru þeir yfir 3000 á sama tíma.

Opnunartími

Sumaropnunartími safnsins frá 16. maí til 15. september er klukkan 11:00 til 17:00, alla daga vikunnar. Yfir vetrartímann frá 16. september til 15. maí er safnið opið á laugardögum klukkan 13:00 til 16:00. Breyting varð á vetraropnunartíma safnsins þann 6. mars en fram að þeim tíma var safnið opið á sunnudögum klukkan 15:00 til 17:00 yfir vetrartímann. Á öðrum tímum er safnið opið eftir samkomulagi.

Aðgangseyrir

Aðgangseyrir inn á safnið er 500 krónur yfir fullorðna (hækkaði úr 400 krónum þann 6. mars). Börn 14 ára og yngri greiða ekki aðgangseyri. Eldriborgarar og öryrkjar greiða sama verð og aðrir.

Sýningar

Fastar sýningar

Aðaláhersla safnsins er sýning á lifandi fiskum og öðrum sjávarlífverum. Á safninu eru 12 sjóker þar sem finnast helstu nytjategundir okkar íslendinga auk fágætari tegunda. Um 30 metra djúp borhola er utan við safnið og upp úr henni er dælt mörg þúsund lítrum af sjó daglega og er því stöðugt gegnumstreymi af hreinum sjó í búrum safnsins.

Einnig eru á safninu fuglasafn, steinasafn, skordýrasafn, skeljasafn og eggisafn auk annarra náttúrugripa.

Sérsýningar

Auk hinna hefðbundnu sýninga á safninu eru þar tvær sérsýningar. Önnur þeirra fjallar um sambýli manns og lunda en hin segir frá Surtseyjargosinu sem hófst árið 1963. Auk þessara sýninga eru myndir af lækningajurtum í Flóru Vestmannaeyja í stigagangi safnsins.


Þetta verkefni er rekið frá útibúinu og hófst vöktun á síli árið 2006. Markmið þess er að meta breytingar í stofnstærð sílis og afla upplýsinga um árgangastyrk og nýliðun í tegund sem er mikilvæg fæða nytjafiska, hvala og sjófugla. Farið var í ellefu daga leiðangur í júlí á Dröfn ER 35 og síli kannað á svæðinu frá Breiðafirði að Ingólfshöfða.

Erindi, Fundir; Ritgerðir (skýrslur):

Valur Bogason. 2010. Starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar í Vestmannaeyjum. Sjómanndagsblað Vestmannaeyja (60): 16-19.

Ingibjörg G. Jónsdóttir, Valur Bogason, Ásta Guðmundsdóttir, Björn Ævarr Steinarsson, Höskuldur Björnsson, Ólafur K. Pálsson, Vilhjálmur Þorsteinsson og Þorsteinn Sigurðsson. 2010. Stofnmæling hrygningarborsks með þorskanetum 1996-2009. *Gill-net survey of spawning cod in Icelandic waters 1996-2009. Hafrannsóknir 155*. Reykjavík 2010. 153 s.

Páll Marvin Jónsson, Ragn-Valur Bogason, Sigmar Valursson 2010. Móttökustöð li-til VERKEFNASJÓÐS SJÁ-
heiður Sveinþórssdóttir,
Hjartarson, Sigurður Gísla-fandi sjávardýra. Skýrsla
VARÚTVEGSINS R008. 54
s.



Árið 2010 voru settar upp tvær nýjar sýningar. Um sjómannadagshelgina var sett upp glerlistasýning í fiskabúrunum en þar var að ferðinni Berglind Kristjánasdóttir glerlistakona. Sýningin fell í góðan jarðveg hjá gestum safnsins og setti hún skemmtilegan svip á safnið. Hin sýningin var hefðbundnari en þá voru sýndar neðansjávarljós-myndir og -kvíkmyndir tekna af Erlendi Bogasyni kafara.

Safnabúð

Lítill safnabúð er rekin í afgreiðslu safnsins. Hún er mjög smá í sniðum en hefur ágætt úrval minjagripa sem tengjast flestir náttúru Eyjanna en lundinn er þar mest áberandi. Úrvalið jónkst talsvert árið 2010 en þá var boðið í auknum mæli upp á handgerðar íslenskar vörur.



Rannsóknabjónustan Vestmannaeyjum ehf.

Starfsmenn: Sigmar Valur Hjartarson



Rannsóknabjónustan, Vm. ehf er alhliða rannsóknastofa sem býður upp á prófanir, ráðgjöf og þjónustu við sjávarútveginn og matvælafyrirtæki. Fyrirtækið tekur einnig virkan þátt í rannsóknum með fyrirtækjum og stofnum í Eyjum.


Fyrirtækið býður upp á allar almennar efnamælingar á matvælum og fóðurvörum s.s. fitu, vatn, protein, salt, ammóníak, ösku og fleira sem viðskiptavinir hafa þörf fyrir. Einnig hefur fyrirtækið aðstoðaframleiðendur við mælingu á næringar- og orkuinnihaldi matvæla vegan merkinga á umbúðir.

Örverumælingar eru einnig snar þáttur í starfseminni og er boðið upp á allar algengustu mælingar á örverum, bæði í matvælum sem og vatni og sjó.

Annað svíð sem fyrirtækið hefur tekið þátt í að halda sérhæfð námskeið fyrir fyrirtæki í matvælaiðnaði og voru nokkur slík haldin á síðasta ári. Þar má sérstaklega benda á námskeið um hreinlæti og þrif, sérhæfð námskið fyrir starfsmenn fiskimjölsverksmiðja og námskeið um meðferð afla um borð í fiskiskipum. Þá hefur einnig verið boði upp á ýmiskonar ráðgjöf fyrir matvælafyrirtæki og má þar sérstaklega nefna hreinlætisúttektir og næringarefnamerkingar matvæla.

Rannsóknabjónustan hefur einnig tekið beinan og óbeinann þátt í ýmsum rannsóknarverkefnum með öðrum stofnunum í Pekkingarsetrinu o.fl. og má þar sérstaklega nefna:

- CrustaSea; veiðar, móttaka og flutningur lifandi humars
- Áhrif fæðuframboðs marsílis, lundaveiða og veðurfarsbreytinga á stofnstærð lunda í Vestmannaeyjum
- Móttökustöð lifandi sjávardýra
- Bætt nýting og verðmæti loðnuhogna.



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN ÚTIBÚ VESTMANNAEYJUM

Starfsmenn: Valur Bogason útibússtjóri, Leifur Gunnarsson rannsóknarmaður / skipstjóri



Hafrannsóknastofnunin hefur þrópætt hlutverk, að stunda rannsóknir á hafinu og lífríki þess, að veita ráðgjöf til stjórvalda um sjálfbæra nýtingu á auðlindum hafsins, að miðla upplýsingum til stjórvalda, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og almennings. Útibúin gegna síðan þýðingarmiklu hlutverki við gagnasöfnun og til þess að afla almennra upplýsinga um gang veiða í hinum ýmsu landshlutum og auka tengsl stofnunarinnar við sjávarútveginn.

Í almennri starfsemi útibúsins er sýnataka úr lönduðum afla veigamikill þáttur. Þessi sýnataka er mikilvægur þáttur í stofnmati og felst hún í því að safna m.a. upplýsingum um aldurs-, lengdar- og byngdarsamsetningu hjá hinum ýmsu nytjastofnum. Fjöldi sýna sem tekinn er af bolfski ræðst af lönduðum afla í hverri tegund og gerð veiðarfærir. Einnig voru sýni tekin fyrir mengunarmælingar í þangi,

tekið var á móti merktum fiski o.fl. Starfsmenn tóku þátt í ýmsum rannsóknaleiðöngrum á vegum stofnunarinnar á árinu.

Rannsóknarverkefni:

Fæða þorsksfiska úr afla fiskiskipa

Er samstarfsverkefni útibúa stofnunarinnar og hófst verkefnið árið 2001. Felst verkefnið í því að fæðusýnum er safnað úr þorski, ýsu og ufsa af sjómönnum og þau síðan fryst. Sýnum er síðan skilað inn til útibúa til greiningar á fæðuinnihaldi. Verkefnið er samstarfsverkefni útibúa stofnunarinnar og er ætlunin með þessu verkefni að afla frekari upplýsinga um fæðu þorsks, ýsu og ufsa og til að fylla upp í eyður sem hafa verið í söfnun fæðusýna í rannsóknaleiðöngrum.

Endurskoðun gagnasöfnunarkerfa

er verkefni sem unnið hefur verið að frá árinu 2002. Þetta verkefni felst í því þróa og lagfæra gagnaskráningaráforritið Hafvog sem notað er við sýnatöku úr lönduðum afla og í rannsóknaleiðöngrum. Einnig hefur verið unnið að endurbótum á forritinu Sýnó, en það er kerfi sem heldur undan um sýnatöku úr lönduðum afla. Þessi vinna er unnin í samstarfi við útibúið á Ísafirði og tölvudeild Fiskistofu.

Stofnmæling með netum (Netarall)

Verkefnistjórn þessa verkefnis er í höndum útibússtjóra í Vestmannaeyjum og tóku 6 bátar þátt í netaralli stofnunarinnar. Það fór fram á tímabilinu 5 apríl til 23 apríl. Markmið verkefnisins er að safna upplýsingum um aldurs- og lengdar-/þyngdasamsetningu, kynþroska og vöxt hrygnandi þorsks, á helstu hrygninarsvæðum hans. Einnig að meta árlega magn kynþroska þorsks er fæst í þorskanet á hrygningastöðvum og breytingar í gengd hrygningarporsks á mismunandi svæðum.

Stofnmæling (vöktun) á marsíli við Ísland



Fræðslustarf

Skólahópar

Fjöldi skólahópa kemur árlega á safnið en sterk hefð er fyrir því að skólanir í Vestmannaeyjum komi með nemendur sína á safnið til fróðleiks og skemmtunar. Þessar heimsóknir byrja strax í leikskóla og mörg börn koma árlega á safnið upp allan grunnskólann með beknum sínum. Börnin leysa ýmis verkefni í þessum heimsóknum sem sniðin eru að hverju aldursskeiði fyrir sig. Einnig hefur safnið verið í samvinnu við Framhaldsskólan í Vestmannaeyjum þar sem nemendur við skólann fá að nota safnið til rannsókna og verkefninu og skila svo jafnvel verkefnum sem nýtast safninu.



Fræðsluefni á heimasíðu

Unnið er að fræðsluefni fyrir börn á grunnskólaalðri þar sem Aðalnámskrá Grunnskóla í náttúrufræði er höfð að leiðarljósi. Þar verður aðaláherslan lögð á lífið í sjónum við Ísland. Þetta fræðsluefni verður aðgengilegt á heimasíðu safnsins www.saeheimar.is og nýtist til kennslu í náttúrufræði hjá öllum grunnskólum landsins.

Styrkir

Rekstrarstyrkur frá Safnaráði

Safnið hlaut 500.000 króna rekstrarstyrk frá Safnaráði. Styrkurinn var notaður í almennan rekstur safnsins. Ekki var sótt um verkefnastyrki fyrir safnið fyrir árið 2010.


Styrkir frá Menningarráði Suðurlands

Menningarráð Suðurlands veitti safninu two styrki á árinu vegna sýningahalds. Annan styrkinn fékk safnið vegna sýningar Berglindar Kristjánssdóttur glerlistakonu á verkum hennar í búrum safnsins, sem opnaði 4. júní. Seinni styrkinn var veittur vegna sýningar Erlendar Bogasonar kafara á neðansjávarljósmyndum og –kvíkmundum sem opnuð var í tengslum við Safnahelgi á Suðurlandi þann 5. nóvember. Báðir styrkirkir voru 300.000 krónur.

Viðburðir

Ýmsir viðburðir voru settir upp í Sæheimum á árinu:

- Prettándahátíð
- Fjölskylduhelgi um hvítasunnuna
- Glerlistasýning Berglindar
- Íslenski safnadagurinn
- Ljósmyndasýning Erlendar
- Tónleikar í tengslum við Safnahelgi á Suðurlandi.



UMHVERFISSTOFNUN SURTSEYJARSTOFA


Starfsmenn árið 2010:
Lovísa Ásbjörnsdóttir
Erna Svanhvít Sveinsdóttir (sumarstarfsmaður)
María Guðjónsdóttir (sumarstarfsmaður)




Surtseyjarstofa er gestastofa fyrir friðlandið Surtsey og hýsir jafnframt skrifstofu Umhverfisstofnunar í Vestmannaeyjum og sýningu um friðlandið. Gestastofan var opnuð þann 2. júlí 2010 að Heiðarvegi 1 í Vestmannaeyjum. Á gestastofunni er að finna margvíslegan fróðleik um friðlandið Surtsey og þær rannsóknir sem þar hafa farið fram. Surtseyjarsýningin er opin alla daga frá 16. maí til 15. september ár hvert milli kl. 11:00 og 17:00 og yfir veturn milli kl. 13:00 og 16:00 á laugardögum.

Surtseyjarsýningin er byggð á sýningu Náttúrufraðistofnunar Íslands sem sett var upp í Þjóðmenningarhúsinu í tilefni af 40 ár goslokaafmæli Surtseyjar og tilnefningu hennar til heimsminjaskrár UNESCO. Á sýningunni eru niðurstöður vísindamanna sem unnið hafa að rannsóknar og vöktunarverkefnum í friðlandinu settar fram á skýran máta með aðstoð nýjustu tækni í margmiðlun. Surtseyjarsýninginn er lifandi sýning þar sem vísindamenn bæta við þekkingarbankann eftir því sem árin líða. Jafnframt reyna vísindamenn að spá fyrir hvernig þróun eyjarinnar verði næstu áratugina.

Með tilkomu Surtseyjarstofu gefst innlendum og erlendum ferðamönnum einstakt tækifæri til að kynna einstöku náttúrufari Surtseyjar, myndunarsögu hennar og þeim rannsóknum sem þar fara fram. Er það von Umhverfisstofnunar að gestir Surtseyjarstofu eigi eftir að njóta heimsóknarinnar og fara þaðan margs vísari um sérstöðu þessarara einstöku náttúruperlu sem okkur ber að vernda.



UMHVERFISSTOFNUN





ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG SUÐURLANDS

Starfsmaður í Vestmannaeyjum: Hrafn Sævaldsson



Atvinnuþróunarfélag Suðurlands (APS) opnaði útibú í Vestmannaeyjum í apríl 2006, þegar Vestmannaeyjabær gekk inn í félagið. Hrafn Sævaldsson hefur verið eini starfsmaður félagsins í Vestmannaeyjum frá stofnun. Fjöldi starfsmanna APS á Suðurlandi er að jafnaði 4.

Hlutverk félagsins er að styðja við verkefni sem leiða til eflingar atvinnulífs á Suðurlandi. Til að rækta hlutverk sitt veitir félagið ráðgjöf og fjárhagslega styrki til áhugaverðra verkefna. Jafnframfari hefur félagið frumkvæði að því að skilgreina og leita að nýjum atvinnutækifærum. Félagið rækir hlutverk sitt í samstarfi við einstaklinga, fyrirtæki, félagasamtök, önnur innlend atvinnuþróunarfélög, opinbera aðila og erlenda aðila á sviði skipulags- og atvinnumála.

Félagið leggur áherslu á vöxt og arðsaman rekstur, traust fyrirkomulag við stjórnun, úrvals starfsmenn sem hafa áhuga, frumkvæði og fá nægjanlega starfshvatningu til að veita viðskiptavinum félagsins og samfélagini fyrirmynðar þjónustu.

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands leggur áherslu á, að í öllum samskipum sínum við viðskiptavini verði gætt fyllsta trúnaðar.



Höfuðmarkmið Atvinnuþróunarfélags Suðurlands er að efla atvinnulíf á Suðurlandi og stuðla þannig að aukinni hagsæld á svæðinu með aðstoð við einstaklinga, fyrirtæki, félagasamtök, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila í formi fjármagns og ráðgjafar.

Félagið skal jafnframt hafa frumkvæði og vera leiðandi í að upplýsa, kynna og aðstoða aðila á svæðinu við nýsköpun, nýjungar í rekstri og nýjungar í stjórnun fyrirtækja.

APS aðstoðar fyrirtæki og einstaklinga í atvinnuskapandi verkefnum á svæðinu. Hvort sem um er að ræða viðbót við númerandi rekstur, stofnun fyrirtækis eða nýsköpunarverkefni. Starfsmenn félagsins geta veitt aðstoð við: Alþjóðlegt samstarf - Að koma á samstarfi og samvinnu - Aðstoð við kaup og sölu á fyrirtækjum - Arðsemiskananir - Erlend samskipti - Faglegan samanburð - Fjárhagslega endurskiplagningu - Fjármögnum - Greiningarvinnu - Gæðamál - Hagkvæmniathuganir - Hlutafjáruaukningu - Kostnaðaráætlanir - Kynningar - Markaðsvinnu - Lánaumsóknir - Veitt handleiðslu um hvar er hægt að fá aðstoð, bæði fjárhagslega og tæknilega frá stöðkerfum atvinnulífsins - Námskeiðahald - Nýsköpun - Ráðstefnur - Rannsóknarverkefni - Rekstaráætlanir - Sjóðaumsóknir - Stefnumótun - Miðlun upplýsinga - Myndun og mótnun tengslaneta og klasa - Styrksumsóknir - Upplýsingaöflun - Upplýsingagjöf - Verkefnisstjórnun - Véla-og tækjakaup - Viðskiptaáætlanir - Vörupróún - Vörustjórnun - Þróun hugmynda.....Svo fátt eitt sé talið

APS er framkvæmdaðili Vaxtarsamnings Suðurlands, sjá nánar á www.sudur.is auk þess sem það veitir Eignarhaldsfélagi Suðurlands forstöðu, sjá nánar á www.efs.is

Starfsmaður félagsins í Vestmannaeyjum hefur unnið að 60 – 100 skilgreindum verkefnum ár hvert. Félagið hefur ekki upplýst um einstök verkefni sem það vinnur að, til að gæta trúnaðar við viðskiptavini sína, en mikil vinna hefur farið í verkefni tengd sjávarútvegi, samgöngum og ferðþjónustu. Eftirspurn eftir starfskröftum starfsmanna félagsins hafa verið umfram framboð.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu félagsins www.sudur.is

EFLA ATVINNULÍF STUÐLA AÐ HAGSÆLD



Myndir:

Um borð í Friðriki Jessyni:
Í Sæheimum, rannsókn:

Á veitingastað:

Óskar Pétur
Óskar Pétur

Sigurður Gíslason





Háhyrningarannsóknir sumarið 2009 og 2010.

Myndir:
Filipa Smara og
Páll Marvin Jónsson

